



SJÓNHORNÍÐ

14. maí - 20. maí • 18. tbl. 2026 • 47. árg.

auglýsingasími: 455-7171 - netfang: sjonhorn@nyprent.is

Hólar í Hjaltadal

er eitt helsta mennta- og menningarsetur þjóðarinnar í 900 ár, 1106-2026

- Þryggjum að svo verði áfram

**Stöðvum áform um að leggja niður
Háskólann á Hólum og flytja starf hans á brott**

Stöðvum áform um sölu á Hólastað

Setjum X við framboð til sveitarstjórnar Skagafjarðar, laugardaginn 16. maí
sem stöðvar þessi áform stjórnvalda.

Setjum X við framboð sem mun treysta stöðu Hólaskóla
heima á Hólum og Hólastað í þjóðareign.

*Sameinumst um að efla Hólastað
og Hólaskóla heima á Hólum*

Vinir Hóla í Hjaltadal



“
Ég vil
**SVEITARFÉLAG
SEM HLUSTAR Á
FÓLKIÐ SITT.**

Ég býð mig fram vegna þess
að mér þykir vænt um þetta
samfélag og framtíð þess.

Mig langar að bæta
þjónustu, auka ábyrgð og
gera sveitarfélagið aðgengilegra
fyrir fólkið sem hér býr.

ELFA BJÖRK

VIÐISDÓTTIR

3. SÆTI MIÐFLOKKSINS Í SKAGAFIRÐI



við



Fólkið fyrst - framtíðin í Skagafirði

TÆKIFÆRIÐ ER NÚNA

Komum Elfu í sveitarstjórn! — 



EINFALDARI BYGGINGARMÁL

Við viljum straumlínulaga leyfisveitingar og stytta biðtíma. Það á að vera auðveldara að byggja heimili í Skagafirði.



STERKARI STUÐNINGUR VIÐ FJÖLSKYLDUR

Við viljum hækka heimagreiðslur á meðan foreldrar bíða eftir leikskólaplássi og skoða sveigjanlegri lausnir. Við viljum bæta starfsumhverfi leikskólanna.



ÁBYRG FJÁRMÁL

Við ætlum að fara vel með fjármuni íbúanna, halda aðhaldi í rekstri og forgangsraða rétt. Við viljum greiða niður skuldir og lækka álögur til lengri tíma.



BETRI GRUNNÞJÓNUSTA OG INNVIÐIR

Við leggjum áherslu á öflugna innviði, vel viðhaldnar götur, snjómokstur og lagnakerfi sem stenst tímans tönn. Þetta skiptir máli í daglegu lífi fólks.



SVEITARFÉLAG SEM HLUSTAR

Við viljum auka gagnsæi, bæta þjónustu og tryggja að íbúar fái svör og aðstoð á eðlilegum tíma. Traust byggist á því að hlusta, svara og vera til staðar.



Við eigum ekki að sætta okkur við að hlutirnir séu bara svona. Við eigum að hafa metnað fyrir samfélaginu okkar.



Ef við er fyrir breytingar
SETJIÐ X VIÐ M



VIÐ VILJUM
HLUSTA



VIÐ VILJUM
HJÁLPA



VIÐ VILJUM FÁ
HLUTINA TIL
AÐ GERAST

M

MÍÐFLOKKURINN
Fyrir fólk og framtíð
— í Skagafirði.

MIÐFLOKKURINN

í Skagafirði

Tökum þátt - Mótum framtíðina.



OPNUNARTÍMI KOSNINGASKRIFSTOFU
FRÁ KL. 16:00 ALLA DAGA
FRAM AÐ KOSNINGUM

Við erum hér til að aðstoða.
Komdu við og spjallaðu við okkur!



KOSNINGAKAFFI
LAUGARDAGINN 16. MAÍ KL. 15:00
KAFFI KRÓK

Komdu í kaffi, spjall og góðar umræður
um framtíð sveitarfélagsins okkar.



KOSNINGAVAKA
LAUGARDAGINN 16. MAÍ KL. 21:00
KAFFI KRÓK

Fylgjumst saman með niðurstöðunum
og fögnun lýðræðinu!



MÆTUM Á KJÖRSTAÐ
SETJUM X VIÐ M FYRIR BREYTINGAR.



Aðalfundur: Stöndum vörð um hagsmuni sauðfjáreigenda á Sauðárkróki!

Stjórn Fjáreigendafélags Sauðárkróks boðar til aðalfundar. Nú er tíminn til að koma saman, móta stefnuna og tryggja að rödd fjáreigenda heyrst skýrt í okkar samfélagi.

Miðvikudaginn 20. maí kl. 20:00 að Borgarröst 6, Sauðárkróki

Á aðalfundinum verður farið yfir hagsmunamál sem snerta okkur öll, svo sem:

- Haga og afrétti: Skipulag og nýtingu landsvæða.
- Félagsstarfið: Kosning stjórnar sem leiðir hagsmunagæsluna á næsta ári.
- Framtíðina: Hvernig við getum bætt aðstöðu og samstarf fjáreigenda á svæðinu.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar og kynning reikninga.
2. Kosning stjórnar.
3. Ákvörðun félagsgjalda.
4. Hagsmunamál og önnur mál: Opnar umræður um það sem brennur á félagsmönnum.

Léttar veitingar og góðar umræður yfir kaffibolla.

Mætum öll og sýnum samstöðu – þitt framlag skiptir máli fyrir hagsmuni okkar allra!

Stjórnin



Umhverfis dagar Skagafjarðar 2026 10.- 31. maí

Markmiðið með áttakinu er að búa til snyrtilegt og fallett umhverfi í sveitarfélaginu og eru því íbúar, fyrirtæki, býli og félagasamtök hvött til að taka höndum saman og hlúa að umhverfinu með virkri þátttöku.

Einstaklingar geta losað sig við úrgang gjaldfrjálst á móttökustöðvum sveitarfélagsins.

Lóðarhavar eru hvött til þess að halda vexti trjáa og runna á lóðum innan lóðarmarka og stuðla þannig að auknu öryggi vegfarenda.

Vakin er athygli á því að allur almennur garðaúrgangur, s.s. jarðvegur, gras/hey og smærri greinar, á að fara í jarðvegstíppinn rétt sunnan við leikskólann Ársali, austan við veginn Borgargerði á Sauðárkróki, móttökustöðina í Varmahlíð eða jarðvegstípp sunnan við Hofsós. Stærri greinar, tré og steypuafgangar, hellur, flísar o.þ.h. skal fara með upp í gryfjur við Gránúmóa ofan Sauðárkróks.

NÁNARI
UPPLÝSINGAR Á
SKAGAFJÖRDUR.IS



Sveitarfélagið hvetur öll til að sameinast í áttakinu og halda Skagafirði snyrtilegum.

AÐALFUNDUR

**Aðalfundur Verslunarmannafélags Skagafjarðar
fyrir árið 2025 verður haldinn á Kaffi Krók
(neðri sal) þriðjudaginn 19. maí 2026 kl. 18:00.**

Venjuleg aðalfundarstörf skv. lögum félagsins.

Sameiningarmál.

Veitingar í lok fundar.

Stjórn félagsins



**Verslunarmannafélag
Skagafjarðar**

- STOFNAD 1958 -

Bjórhatíðin á Hólum

verður laugardaginn 6. júní kl. 15 - 19.

Hátíðin hefur oft verið kölluð árshátíð handverks-
bruggara á Íslandi og munu gestir geta gætt sér á
úrvalsbjór frá flestum brugghúsum landsins.

Hátíðin hefur líka þróast í það,
að vera mikil matarveisla.

*Miðasala er hafin á www.tix.is
20 ára aldurstakmark!*

Ekki þarf að kaupa miða á hátíðina, ef einungis á
að koma og gæða sér á matarbitunum sem verða í boði.

Rútuferðir verða frá Króknum.

Verið velkomin heim að Hólum



Pitt er valið, hverjum treystir þú?

Við í Sjálfstæðisflokknum viljum byggja upp **samfélag í sókn**. Við viljum byggja upp enn sterkara atvinnulíf sem felst í öflugri matvælaframleiðslu, öflugra framhalds- og háskólasamfélagi og skapa jarðveg til frekari vaxtar í ferðaþjónustu. En við viljum líka gera **Skagafjörð enn skemmtilegri** stað til að búa á. Samfélag þar sem ungt fólk sér framtíð, fjölskyldur vilja setjast að og þar sem er gott að eldast. Þess vegna leggjum við áherslu á öflugt mannlíf, fleiri viðburði, betri aðstöðu til íþróttar og menningar og samfélag þar sem íbúar eru virkir þátttakendur. Við viljum **styrkja þjónustu** við barnafjölskyldur, **efta tækifæri** eldri borgara og halda áfram að byggja upp öflugt og lifandi samfélag um allan Skagafjörð. Það gerist ekki af sjálfu sér.

Okkur er alvara með að fara í sókn í atvinnumálum. **Okkur er alvara** með að gera Skagafjörð skemmtilegri. Því við þurfum fleiri íbúa, fjölbreyttari störf og enn sterkari þjónustu til framtíðar. Það er kominn tími til að segja upphátt hversu gott það er að búa og starfa í Skagafirði og hefjum markvissa uppbyggingu með sýn sem nær **lengra en eitt kjörtímabil**.

Það sem þessar kosningar snúast um er **hverjum þú treystir** til þess að leiða okkar frábæra og öflugra sveitarfélög.

Um það verður kosið. Við treystum á þinn stuðning og þú getur **treyst á okkur**.

Magnús Baródal





Útboð: Menningarhús í Skagafirði - Jarðvinna 2026

Verkið snýr að jarðvinnu fyrir nýbyggingu sunnan við núverandi Safnahús við Faxatorg á Sauðárkróki. Framkvæmdir fela m.a. í sér uppgröft á óburðarhæfum jarðvegi sem verður fjarlægður og hann fluttur á viðurkenndan losunarstað. Að loknum uppgrefti skal komið fyrir burðarhæfri fyllingu, til undirbúnings frekari byggingarframkvæmdum. Auk þess nær verkið til jarðvegsskipta vegna framkvæmda á lóð menningarhússins. Hluti jarðvatnslagna vegna hússins er innifalinn í verkinu, sem og gerð heimæða fyrir fráveitu inn á lóð hússins.

Sérstakar kröfur eru gerðar um hæfni og reynslu bjóðenda.

Tilboðum skal skila í lokuðu umslagi til Stoðar verkfræðistofu ehf, Aðalgötu 21, 550 Sauðárkróki eða í tölvupósti á netfangið stod@stodehf.is. Tilboð verða opnuð þar föstudaginn 22. maí 2026, kl. 13:00.

Áætlað er að framkvæmdir hefjist í lok maí 2026. Verkinu í heild skal að fullu lokið eigi síðar en 31. júlí 2026.

Útboðsgögn verða afhent gjaldfrjálst á rafrænu formi frá og með 5. maí 2026. Óska skal eftir útboðsgögnum í tölvupósti á netfangið stod@stodehf.is.

**NÁNARI
UPPLÝSINGAR Á
SKAGAFJORDUR.IS**

Helstu magnþölur

Gröftur á lausum jarðvegi: u.þ.b.
7.300 m³

Fyllingar: u.þ.b. 7.800 m³
Fráveitulagnir: 280m

Hönnuðir verksins eru:

Aðalhönnun: Arkis arkitektar ehf.
Verkfræðihönnun: Verkis ehf.
Lóðarhönnun: Landhönnun slf.



KOSNINGAKAFFI

Þér er boðið í kosningakaffi í Ljósheimum á kjördag, laugardaginn 16. maí frá kl. 14:00-17:00.

Við þökkum frábærar viðtökur í aðdraganda kosninga og hlökkum til að sjá ykkur.

AKSTUR Á KJÖRSTAÐ

Við bjóðum upp á akstur á kjörstað, hafið samband í síma 841 7475

KOSNINGAVAKA

Kosningavaka Framsóknar hefst
kl. 22:00 í Framsóknarhúsinu





SJÓMANNADAGUR

Fjölskylduhátíð á bryggjunni.

- Skemmtisigling
- Leikir
- Veitingar
- Skemmtiatriði

Nánar auglýst síðar



Laugardaginn
6. júní 2026



Sandeyri 2





Kosningakaffi í matsal heimavistar

Við bjóðum í kaffi á kjördag frá 14-17.

Kosningavaka á Sauða

Fögnum saman, húsið opnar kl. 22:00.

Kosningaskrifstofa Verzlun H. Júlíussonar

Mið 13. maí kl. 16-19

Fim 14. maí kl. 14-18

Fös 15. maí kl. 16-19

Lau 16. maí kl. 10-14

Heitt á könnunni og heimabakað góðgæti

Hlökkum til að sjá þig



Sveinspróf í húsmíði

Undirbúningsnámskeið 1. - 4. júní



Undirbúningsnámskeið fyrir sveinspróf í húsmíði

verður haldið í verknámshúsi FNV dagana 1. - 4. júní ef næg þátttaka næst.

Námskeiðsgjald er 60.000 kr.

Skráning og nánari upplýsingar

Hægt er að skrá sig með því að senda tölvupóst á fnv@fnv.is eða hringja í síma 455-8000 fyrir 25. maí nk.

Nánari upplýsingar hjá Óskari, deildarstjóra í síma 847-5797



Þetta snýst allt um fólk

Ég gaf kost á mér til þess að starfa fyrir sveitarfélagið sem mér þykir vænt um því ég vildi taka þátt í að gera breytingar til hins betra. Kjörtímabilið hefur sannarlega kennt mér margt og stærsta lexían er að þetta snýst allt um fólk. Við getum reiknað endalaust í Excel-skjölum og ætlað okkur að framkvæma stór verkefni en þegar allt kemur til alls þá gerist ekkert nema með góðu fólki sem framkvæmir. Við sem sitjum í sveitarstjórn tökum ákvarðanir sem aðrir sjá um að framkvæma. Við gerum þetta ekki ein og það skiptir miklu máli að hafa öflugan og fjölbreyttan hóp fólks með okkur. Fólkið sem skiptir mestu máli er starfsfólk sveitarfélagsins og íbúarnir.

Ég gef kost á mér aftur reynslunni ríkari. Ég legg mikla áherslu á það að við breytum til á næsta kjörtímabili. Við þurfum meira samtal við starfsfólk og íbúa um hvernig við gerum betur. Hvernig við veitum betri þjónustu, hvernig við hlúum betur að starfsfólki og hvernig við gerum góðar hugmyndir að veruleika.

Ef við ætlum að efla íþróttaaðstöðu, bæta þjónustu við eldri borgara, bæta öryggi, upplýsingaflæði, snjómokstur og hvað eina sem má gera betur hjá okkur þá þurfum við að tala meira saman.

Ég hlakka til að vinna með öflugum fólki að því að gera samfélagið okkar enn skemmtilegra. Við treystum á þinn stuðning.

Sölborg S. Borgarsdóttir



HÖLDUM

Við höfum **sýnt í verki** að okkur er treystandi til að vinna af ábyrgð við stjórn fjármála Skagafjarðar samhliða einni **mestu innviðauppbýggingu** sem orðið hefur í sögu sveitarfélagsins.



1
Einar E. Einarsson
Framkvæmdastjóri



2
Hrunn Pétursdóttir
Forstöðumaður fyrirtækjasviðs



3
Halldór Jón Sigurðsson
Íþróttakennari og
knattspyrnuþjálfari



7
Sigurður Bjarni Rafnsson
Sláturhússtjóri



8
Helga Þórsdóttir
Læknir



9
Kristján Jónsson
Starfsmaður Íþróttamannvirkja



13
Guðbjörg Óskarsdóttir
Sérfræðingur hjá
Byggðastofnun



14
Marcin Sienkiewicz
Sjónmaður og starfsmaður
sláturhúss



15
Kolbjörg Katla Hinriksdóttir
Hjúkrunarfræðingur og
meistaraniemi

ÁFRAM

Við erum staðráðin í að **halda áfram** þeirri góðu uppbyggingu sem við höfum leitt á liðnum árum. Markmið okkar er að gera **gott samfélag** enn betra.



Sýlvía Sif Halldórsdóttir
Hjúkrunarfræðingur, slökkviliðs-
og sjúkraflutningamaður



Sigrúna Erla Magnúsdóttir
Ráðunautur



Atli Már Traustason
Bóndi



Hrefna Jóhannesdóttir
Skógræðingur



**Sigríður Hrafnhildur
Stefánsdóttir**
Framhaldsskólánemi



Ísak Óli Traustason
Kennari



Eyrún Sævarsdóttir
Sérfræðingur hjá HMS



Axel Kárasón
Dýralæknir



Sigríður Magnúsdóttir
Sjálftætt starfandi



Sjálfstæðismenn & óháðir í Húnabyggð

Kæri kjósandi

Laugardaginn **16. maí 2026** göngum við til kosninga í Húnabyggð.

Við hjá D listanum, framboði

Sjálfstæðismanna og óháðra bjóðum fram kröftugan lista með öflugum og reynslumiklu fólki víða úr sveitarfélaginu.

Staðan er sterk í Húnabyggð og við höfum aldrei haft eins mikla möguleika á að styrkja hana enn frekar.

Á líðandi kjörtímabili höfum við gengið í gegnum miklar breytingar með sameiningu sveitarfélaganna okkar, nú þurfum við að **halda áfram, við megum ekki missa taktinn.**

Á kjördag

Kosningaskrifstofan er opin frá **10:00 - 22:00**

Kosningakaffi á milli **13:00 og 17:00**

Kosningavaka frá kl. **22:00**

Í félagsheimilinu á Blönduósi



Sjálfstæðismenn & óháðir í Húnabyggð

1. Guðmundur Haukur Jakobsson
2. Zophonías Ari Lárusson
3. Kolbrún Ágústa Guðnadóttir
4. Sævar Björgvinsson
5. Ragnhildur Haraldsdóttir
6. Atli Einarsson
7. Arnrún Bára Finnsdóttir
8. Magnús Sigurjónsson
9. Anton Haraldsson
10. Friðrún Fanný Guðmundsdóttir
11. Freyja Dís Jóhannsdóttir
12. Kristófer Kristjánsson
13. Höskuldur Sveinn Björnsson
14. Anna Margrét Jónsdóttir
15. Ásdís Ýr Arnardóttir
16. Jón Árni Magnússon
17. Linda Björk Ævarsdóttir
18. Magnús Rúnar Sigurðsson

x^D



Auglýsing um skipan í kjördeildir

Við sveitarstjórnarkosningar sem fram fara laugardaginn 16. maí n.k. er skipan í kjördeildir sem hér segir:

Kjördeild í Bóknámshúsi FNV: þar kjósa íbúar Sauðárkróks og fyrrum Skarðs-, Rípur- og Skefilsstaðahreppa
– kjörfundur hefst kl. 09:00

Kjördeild í Grunnskólanum austan Vatna: þar kjósa íbúar fyrrum Hofs-, Fljóta-, Hóla- og Viðvíkurhreppa
– kjörfundur hefst kl. 10:00

Kjördeild í Varmahlíðarskóla:

þar kjósa íbúar fyrrum Staðar-, Seylu-, Akra- og Lýtingstaðahreppa
– kjörfundur hefst kl. 10:00

Kjörfundi má slíta 8 klst. eftir að kjörfundur hefst, enda sé þá hálf klukkustund liðin frá því að kjósandi gaf sig síðast fram, og hvenær sem er ef allir sem á kjörskrá standa hafa greitt atkvæði.

Kjörfundi má einnig slíta fimm klukkustundum eftir opnun ef öll kjörstjórnin er sammála um það, enda sé þá hálf klukkustund liðin frá því að kjósandi gaf sig síðast fram.

Kjörfundi skal slitið eigi síðar en kl. 22:00 en þeir kjósendur sem hafa gefið sig fram fyrir þann tíma eiga þó rétt á að greiða atkvæði.

Talning atkvæða fer fram í Bóknámshúsi FNV að loknum kjörfundi.

Unnt er að kjósa utan kjörfundar hjá sýslumanni Norðurlands vestra á Sauðárkróki frá kl. 09:00-15:00 virka daga fram að kjördegi, kl. 11:00-13:00 á uppstigningardag, 14. maí nk. og kl. 10:00-14:00 á kjördag þ.e 16. maí 2026.

Yfirkjörstjórn verður með aðstöðu í Bóknámshúsi FNV á Sauðárkróki.

Yfirkjörstjórn



Íþróttirnar líma saman samfélagið

Það er fátt sem sameinar samfélag eins og íþróttir. Þær hafa alltaf verið mér hjartans mál og nú fylgist ég með á hliðarlínunni og hvet áfram börnin mín og afreksíþróttafólkið okkar. Í Skagafirði höfum við alið framúrskarandi iðkendur alla tíð, en það **gerist ekki af sjálfu sér**. Á bak við hvern einasta iðkanda standa liðsfélagar, foreldrar, þjálfarar og sjálfboðaliðar sem leggja sitt af mörkum í ár og áratugi til að uppskeran verði jafn rík og raun ber vitni. Þó **fólkið sé það mikilvægasta** þá gerir góð aðstaða gott starf enn betra. Þar liggja okkar stærstu tækifæri og helstu verkefni um allan Skagafjörð næstu misserin.

Það sér loksins fyrir endann á því að klára íþróttaaðstöðu á Hofsósi og við vitum að bæta þarf aðstöðu í Varmahlíð. Á Sauðárkróki er hægt að slá **margar flugur í einu höggi** ef vel er að verki staðið. Við viljum að **fjölnota hús** verði byggt á **íþróttasvæðinu** þar sem við tryggjum einnig aðstöðu fyrir tónlistarskóla, frístund fyrir 1.-4. bekk og betri aðstöðu fyrir þjálfara og sjálfboðaliða. Þetta **gerist ekki án samtals** við félögin, foreldra, þjálfara, iðkendur, skólana, sjálfboðaliða og starfsfólk.

Á okkar lista finnur þú hóp fólks sem hefur **lagt sitt af mörkum** til íþróttastarfs í Skagafirði í gegnum tíðina og við biðjum þig að **treysta okkur** fyrir því að leiða verkefnið áfram. Það er okkur **hjärtans mál**.

Guðlaugur Skúlason



Íslenska í verki Viltu æfa íslenskuna í góðum félagsskap?

Icelandic in Action *Do you want to practice your Icelandic in great company?*

Blönduós:

Blönduvirkjun / Blanda Hydro power plant
Hvenær: 26. maí, brottför kl. 16.30
Hvar: Samstaða

Golfkynning / Golf Introduction
Hvenær: 30. maí kl. 11.00
Hvar: Golfvöllur Ós

Hvammstangi:

Gönguferð / Walking Tour
Hvenær: Þriðjudaginn 26. maí. kl. 18.00
Hvar: Frisbígólfvöllurinn

Sauðárkrókur:

Prjónakvöld / Knit and Natter
Hvenær: miðvikudaginn 13. maí kl. 19.00-22.00
Hvar: Drangey Studio og Rendur

Sveitaheimsókn í Keldudal í Hegranesi
Hvenær: Miðvikudaginn 20. maí milli klukkan 17:00 og 19:00

Markmið viðburðanna er að byggja upp sjálfstraust og þekkingu á þjónustu á Norðurlandi vestra, auka sjálfstraust í tali og félagslega samveru.

Samtal og samfélag í daglegu lífi er verkefni Farskólans sem styrkt er af Mennta- og barnamálaráðuneytinu.

The aim of this event is to build confidence, introduce the services available in Northwest Iceland, increase fluency in spoken Icelandic, and enjoy social togetherness.

"Conversation and Community in Daily Life" is a project by Farskólinn, supported by the Ministry of Education and Children.

Upplýsingar/Information:
455 6010/farskolinn@farskolinn.is



Farskólinn
miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra

farskolinn.is



Við leitum að sérfræðingum í gagnaverum



Viltu vera hluti af innviðum framtíðarinnar?

Við hjá Ofar leitum að framsæknum og áreiðanlegum einstaklingum til að ganga til liðs við innviðateymi fyrirtækisins, sem sinnir rekstri, eftirliti og þjónustu við gagnaver víðs vegar um landið.

Starfsstöð verður í gagnaveri sem staðsett er 2 km frá Blönduósi.

Þetta er spennandi tækifæri fyrir áhugasama aðila sem vilja starfa í mikilvægum og hraðvaxandi geira og þróast faglega með öflugum teymi.

Um er að ræða vaktavinnu í 24/7 rekstri, allt árið um kring, samkvæmt skilgreindu vaktafyrirkomulagi. Starfsmenn fá ítarlega þjálfun í upphafi og áframhaldandi stuðning í starfi.

Aðeins er tekið á móti umsóknum á [Alfred.is](https://alfred.is) eða á heimasíðu Ofar ofar.is/starfstækifaeri

Umsóknarfrestur er til og með **20. maí nk.** Allar umsóknir og fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og þeim svarað.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Daglegt eftirlit með búnaði, innviðum og umhverfi gagnavera
- Reglubundið eftirlit og umhverfisvöktun
- Öflun viðeigandi vottana og/eða réttinda til að starfrækja búnað
- Meðhöndlun, greining og eftirfylgni atvika, tilkynninga og þjónustubeiðna
- Framkvæmd staðlaðra verkferla og öryggisúttekta
- Samskipti og samvinna við birgja, þjónustuaðila og samstarfsaðila innanlands og erlendis
- Almenn tækniástoð og prófanir eftir þörfum í rekstri gagnavera

Menntunar- og hæfniskröfur

- Grunnþekking og/eða reynsla af gagnaverum, tæknilegum innviðum, net- eða rafmagnsbúnaði er kostur
- Frumkvæði, áreiðanleiki og geta til sjálfstæðra vinnubragða
- Góð samskiptahæfni og fagleg framkoma
- Bílpróf er nauðsynlegt
- Menntun í rafvirkjun eða rafeindavirkjun er kostur





Elsku bróðir okkar, mágur og frændi,

SIGFÚS PÉTURSSON,

frá Álftagerði,

lést á HSN Sauðárkróki 3. maí. Útförin fer fram frá Sauðárkróskirkju
föstudaginn 15. maí klukkan 14. Streymt verður frá útförinni,
hlekk á streymi má nálgast á www.mbl.is/utfarir-i-dag
Þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð Stefáns R. Gíslasonar,
reikningur 0133-15-012844, kennitala 460126-0100.

Pétur Pétursson - Elísabet Ögmundsdóttir

Herdís Pétursdóttir - Páll Leósson

Gísli Pétursson - Ingibjörg Sigfúsdóttir

*Óskar Pétursson - Jónína Sveinbjörnsdóttir
og aðrir aðstandendur*



AÐALFUNDUR

Aðalfundur Búhölda hsf 2025 verður haldinn
fimmtudaginn 21. maí næstkomandi.
Fundurinn verður á Kaffi Krók, neðri sal kl. 16.
Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnin

Vélsmiðja Grundarfjarðar auglýsir:

Höfum enn nokkur óseld bil í iðnaðar/geymslu-
húsnæði að Borgarflöt 9, Sauðárkróki.

Þetta eru 100 fermetra bil með möguleika á millilofti.

Laust til afhendingar. Verð: 26.500.000 hvert bil.

Getum útvegað lán ef þess þarf. Áhugasamir vinsamlega hafið sam-
band við Þjónustustofuna *S: 896 3867* eða í tölvupóst til vegr@vegr.is



Kæri Skagfirðingur, ég þarf þinn stuðning.

Það kom aldrei til umhugsunar að gefa kost á mér í sveitarstjórn þegar ég komst að því að það væri annað barn á leiðinni. Pólitík er mér ekkert hjartans mál. Ég hef aldrei komið nálægt pólitík, enda fundist það vettvangur þar sem litlu málin fá oft meira pláss en þau stóru. **Skagafjörður er mér hins vegar hjartans mál.** Hér höfum við Viðar ákveðið að ala börnin okkar, tekið áhættu og stofnað til reksturs í ferðaþjónustu og búið okkur heimili á einum fallegasta stað á Íslandi.

Þegar ég heyrði fyrst af áhuga á því að ég tæki þátt í kosningunum fannst mér það fjarstæðukennt. Hvers vegna ætti ég að verja tímanum mínum **frá fjölskyldu, vinnu og rekstri** til þess að taka þátt í þessu?

Eftir spjall við Magnús Barðdal fór ég að melta þetta. Hann kynnti djarfar hugmyndir um hvernig við getum breytt þessu. Hann teiknaði upp fyrir mér **sveitarfélag í sókn**. Þar sem við sækjum þau tækifæri sem eru til staðar og **gerum Skagafjörð skemmtilegri** stað til að búa á. Það gerist ekki af sjálfu sér. Sýn sem nær lengra en eitt kjörtímabil og ég er tilbúin að leggja mig alla fram til að framkvæma. Ég trúi því að **við getum gert breytingar.**

Ég skipa 4. sæti Sjálfstæðisflokksins og þarf þinn stuðning til að komast í sveitarstjórn. Ég get lofað þér að ég mun **leggja mig alla fram** fyrir samfélagið okkar.

Rósanna Valdimarsdóttir





Opin hús daginn eftir Landsmót



Sunnudagurinn 12 júlí verður nýttur til að kynna skagfirsku hrossarækt og afþreyingu.

Mótinu lýkur á laugardagskvöldi og því nýtum við heimferðadaginn til að kynna sögu, ræktun, menningu og afþreyingu sem tengist hestinum í Skagafirði.

Er það von okkar að sem allra flestir taki þátt og haldi opin hús þennan dag.



Hafðu samband við Magnús Braga í síma 898-6062
eða Rúnar í síma 861-4000 (runar@hrimnir.is)
fyrir nánari upplýsingar

Hrossaræktarsamband Skagfirðinga



Aðalfundur

**Björgunarsveitarinnar
Skagfirðingasveitar
verður haldinn í Sveinsbúð
þriðjudagskvöldið
19. maí kl. 20:00.**

Á dagskrá verða hefðbundin
aðalfundarstörf.

**Hvetjum alla til að
mæta og bjóðum nýja
félaga velkomna.**



Skagafjarðarprestakall

Frá Sauðárkróskirkju

Uppstigningardagur 14. maí

Messa kl. 11
Steindór R. Haraldsson prédikar.
Sönghópur félaga eldri borgara
leiðir söng, organisti
Rögnvaldur Valbergsson.
Boðið upp á súpu
eftir stundina.

*Uppstigninardagur er tileinkaður
öldruðum og því eru eldri
borgarar boðnir
sérstaklega velkomnir!*

Sr. Sigríður Gunnarsdóttir



Smáauglýsingar

ÚTBURÐUR SKAGASTRÖND

Nýprent óskar eftir því að ráða ábyrgan einstakling/ fjölskyldu/ félagasamtök/vini til að sjá um útburð á Sjónhorninu á Skagaströnd. Blöðunum er dreift í hverri viku á fimmtudegi eða föstudegi og eru laun greidd út í lok mánaðar. Nánari upplýsingar á nyprent@nyprent.is

ÚTBURÐUR BLÖNDUÓSI

Nýprent óskar eftir því að ráða ábyrgan einstakling/ fjölskyldu/ félagasamtök/vini til að sjá um útburð á Sjónhorninu á Blönduósi. Blöðunum er dreift í hverri viku á fimmtudegi eða föstudegi og eru laun greidd út í lok mánaðar. Nánari upplýsingar á nyprent@nyprent.is

550 ÞVOTTUR

Við getum tekið á móti fatnaði í hreinsun. Þvottom sængur og kodda og afhendum samdægurs ef fólk kemur með það fyrir kl. 10. Opnum kl. 9 alla virka daga og erum við Borgarflöt 1.

Sjónhornið • Nýprent ehf. • Hesteyri 2 • 550 Sauðárkrók
Sími: 455 7171 • nyprent@nyprent.is • Upplag 2.800 eintök.
Auglýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur, mynd- og verðbrengr.
Ekki birtar auglýsingar nema fram komi upplýsingar um auglýsandann. Forsíðumynd: (Feykir.is)



MEINDÝRAVARNIR
NORÐURLANDS
S: 893-4697

PANTÍÐ Á bilagler.is

- Bifreiðþjónusta
- Framrúðuviðgerðir
- Framrúðuskipti
- Réttingar og bílamálun
- Almennar bílaviðgerðir
- Dekkþjónusta
- Smurþjónusta
- Bremsuviðgerðir
- Lakkleiðrétting með mössun og kermik húð

Vinum fyrir öll tryggingarfélög



G Ingimarsson ehf.
Borgarflöt 7 - Sauðárkrók

-Gylfi 899 0902 -Hafþór 864 0992
-Gisli 862 8306

AÐALFUNDUR

**Hrossaræktarsambands
Skagfirðinga 28. maí
kl. 20 í Tjarnarbæ.**

Dagskrá:

Hefðbundin aðalfundarstörf
Stóðhestaval
Framtíð félagsins
Kosning stjórnar
Önnur mál.

Félagar hvattir til að mæta og láta sig málin varða.

Stjórn HSS



HROSSARÆKTARSAM BAND
SKAGFIRÐINGA

OPIN KOSNINGASKRIFSTOFA OG VÖFFLUKAFFI

Í Borgartúni 2 (Skátaheimilinu) á Sauðárkróki:

13. maí kl. 17:00-19:00

14. maí kl. 17:00-19:00

15. maí kl. 17:00-19:00

16. maí kosningakaffi kl. 14:00-17:00

Retro Mathús Hofsósi:

16. maí kosningakaffi kl. 14:00-17:00

16. maí Kosningavaka - Miðgarði (efri hæð) frá kl. 21:00

Allir velkomnir, hlökkum til að sjá ykkur.

 **BYGGÐALISTINN**



Útfararstofa Skagafjarðar

Við andlát er í mörg horn að líta við
undirbúning og framkvæmd útfarar.

Útfararstofa Skagafjarðar getur annast alla
þætti útfararinnar eða hluta, allt eftir
óskum aðstandenda og hins látna,
af alúð og nærgætni.

Með vinsemd og virðingu,
Jón Hörður Elíasson,
sími: 898 7628

DONNI

3. sæti

ÉG VIL VINNA

FYRIR SKAGAFJÖRÐ

TIL ÞESS ÞARF ÉG ÞINN STUÐNING